

Opið hús

HJÁ SKÓLASKRIFSTOFU
MOSFELLSBÆJAR

Sköpun í skólastarfi

Þriðjudaginn 30. apríl kl. 20:00 verður opið hús hjá Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar.

Í nýjum aðalnámskrám leik- og grunnskóla er horft til 6 grunnþátta sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Á síðasta opna húsi þessa vetrar höfum við fengið **Ásu Björk Snorradóttur myndlistarkennara** til að fjalla um Sköpun og sköpunargleði í námi og starfi í leik- og grunnskóla.

Ása Björk hefur haldið marga bráðskemmtilega fyrirlestra á höfuðborgarsvæðinu á undanförunum árum og ætlar að ræða um sköpun og skapandi starf í öllum námsgreinum, um verkfærin til sköpunar sem við færum börnum og unglingum upp í hendur eða hvernig okkur mistekst að kenna þeim á skapandi verkfæri. Sköpun er námsþáttur í öllu skólastarfi, ekki bara listgreinum. Það þarf skapandi hugsun til að leysa úr þrautum bæði í skóla og í lífinu. Hér er á ferðinni skemmtilegur fyrirlestur og vonandi geta foreldrar fræðst um hvað þeir geti gert til að efla skapandi hugsun heima jafnt og í skóla.



MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 | mos@mos.is
www.mos.is

Opnu húsin hjá Skólaskrifstofu fara fram í Listasal Mosfellsbæjar. Athugið að gengið er inn austan megin (Háholtsmegin).

Aðgangur er ókeypis og öllum opin.
Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar



[Viltu deila þessu á Facebook?](#)